



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á hátíðarfundi  
bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar  
í tilefni af 50 ára kaupstaðarafmæli  
bæjarins**

**10. apríl 2024**

Forseti bæjarstjórnar, bæjarstjóri og bæjarfulltrúar,  
kæru Grindvíkingar!

Við minnumst hér merkra tímamóta. Við minnumst þess að hálf öld er liðin frá því að Grindavíkurbær hlaut kaupstaðarréttindi. Ég færi ykkur heillakveðjur og árnaðaróskir og veit að ég má þar mæla fyrir hönd allrar þjóðarinnar. Í því sambandi leyfi ég mér til dæmis að nefna að í gær sótti ég annan afmælisviðburð. Um þessar mundir fagna Seltirningar líka hálftrar aldar afmæli kaupstaðarréttinda. Þegar ég minntist á það við þá að í dag lægi leið mín til ykkar suður með sjó báðu þeir mig að nefna hversu hlýtt þeir hugsa til ykkar.

Já, misskipt er manna láni. Í gær fór ég um blómlegt byggðarlag þar sem allt iðaði af lífi og fjöri. Í dag held ég í nær auðan bæ. Ég sé hann samt fyrir mér eins og hann var svo lengi. Ég sé Grindavík fyrir mér eins og hún var, fyrirmyndar samfélag þar sem íbúar undu glaðir við sitt, sinntu sínum störfum, skiluðu drjúgum skerf í þjóðarbúið, voru glaðir á góðri stund, stóðu saman í gegnum þykkt og þunnt. Það gat varla komið á óvart að í könnun á hamingju Íslendinga fyrir nokkrum árum trónuðu Grindvíkingar á toppnum. Hér leið fólki vel, hér var gott að vera. Og hér er gott að vera.

Um þetta get ég sjálfur vitnað. Mér telst til að flest ár í minni forsetatíð hafi ég haldið hingað í opinberum erindagjörðum. Í hvert sinn hef ég fundið þann kraft, þá elju og þá samkennd sem hér hefur ríkt. Ég nefni hér nokkur dæmi: Vorið 2017 sótti ég menningarviku ykkar. Á sagnakvöldi sögðu aðfluttir

Grindvíkingar frá heimahögum sínum og aðdraganda þess að þeir fluttu á nýjar slóðir. Fólkið sem átti þannig sögu kom frá Grímsey og Los Angeles, Tékklandi, Balkanskaga og víðar.

Haustið 2018 heimsótti ég grunnskólann hér í tilefni Forvarnardagsins, ávarpaði nemendur á sal og tók svo þátt í hópastarfi þeirra. Ég fann að þau virtust skilja hvað maður reyndi að segja um mikilvægi þess að bera ábyrgð á eigin lífi, eiga sér drauma, setja sér markmið en um leið að hika ekki við að leita sér hjálpar og aðstoðar ef eitthvað bjátar á. Ég held einmitt að Grindavík hafi verið þannig samfélag og sé á sinn hátt enn þannig samfélag – samfélag þar sem fólk getur sýnt hvað í því býr, sjálfu sér og öðrum til heilla.

Á sjómannadaginn sumarið 2019 hélt Eliza hingað og flutti hátíðarávarp. Í því sagði hún meðal annars: „Sjómannadagurinn er ekki fluttur inn að utan, til hans er ekki boðað í því skyni að selja blóm, kort eða búninga. Sjómannadagurinn á ekki rætur að rekja til trúarhátíða utan úr heimi. Hann skiptir okkur hér á landi einfaldlega svo miklu máli: Á sjómannadeginum fögnum við saman, fræðumst saman og heiðrum söguna saman.“

Ágætu áheyrendur: Ég segi fullum fetum að óvíða um land hefur sjómannadagurinn verið metinn eins mikils og hér í Grindavík. Hér hefur fólk sótt sjóinn í aldanna rás, hér blæs sjávarloftið, hér hefur verið útgerð, hér hefur verið drift. Og óvíða hefur verið eins skemmtilegt og hressandi að fagna sjómannadeginum og hér í Grindavík. Því ræður Sjóarinn síkátí, sú frábæra fjölskylduhátíð.

Við erum komin að árinu 2020 í þessari upprifjun minni. Þá stóð einmitt til að halda hingað á sjómannadag en brot reið yfir okkur öll, heimsfaraldur sem verjast þurfti. Þetta sumar þurfti því að fella niður fjölmenna viðburði. Í bréfi sem ég sendi hingað stóð meðal annars: „Undanfarin ár hefur mér og fjölskyldunni hlotnast sá heiður og ánægja að heimsækja Sjóarann síkátí, sækja sjómannadagsmessu og blanda geði við gesti og gangandi á hátíðarsvæðinu. Indælt hefur verið að finna þann jákvæða anda sem ríkt hefur hverju sinni. Sömuleiðis met ég mikils þann hlýhug sem þið í undirbúningsnefnd – fulltrúar Grindavíkurbæjar og Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur – hafið sýnt okkur. Saga og samtíð sýna vel að Grindvíkingar eru þekktir fyrir annað en að leggja árar í bát. Þessari ótíð mun slota og þá mun Sjóarinn síkátí sýna sig á nýjan leik, ykkur heimamönnum og okkur öllum í þessu landi til ánægju og gleði.“

Veirutíð lauk en árið 2021 mun reynast örlagaár í sögu Grindvíkinga. Jarðskjálftar skuku byggðina hér og um miðjan mars hófst eldgos við Fagradalsfjall. Um þær mundir ræddi ég við bæjarstjóra um jarðhræringarnar og áhrif þeirra á bæjarbúa.

Hér í bæ gat lífið þó áfram gengið sinn vana gang að mestu. Í byrjun ágúst 2022 heimsóttum við Eliza Grindavík og hittum mann og annan, meðal annarra krakka í unglíngavinnunni og eldri borgara á vikulegum fundi sínum í Kvikun þar sem öll heimsins vandamál voru krufin til mergjar. Við fylgdumst líka með löndun niðri á höfn, snæddum hádegisverð í Víðihlíð og fengum okkur að lokum kaffisopa á Bryggjunni þar sem við ræddum við starfsfólk og gesti.

Í fyrri fór svo allt á versta veg. Vart gátum við séð það fyrir, þrátt fyrir alla okkar þekkingu og reynslu, vísindi og varkárni. Lengi vel var allt með kyrrum kjörum. Síðastliðinn október – fyrir nokkrum mánuðum sem virðast núna eins og heil eilífð – sótti ég merka menningarviðburði á bókasafninu og í þessu húsi.

Skömmu síðar dundu ósköpin yfir. Í nóvember hófst hrikaleg skjálftahrina og síðan höfum við þurft að þola eldgos á eldgos ofan, hraun í byggð og ekki sér fyrir endann á öllum þessum hamförum. Við hemjum ekki náttúruöflin með öllu en við ráðum því hvernig við mætum ægimætti þeirra.

Íslendingar hafa sýnt samhug í verki. Kvöldið og nóttina sem rýma þurfti bæinn varð einn hundraðshluti þjóðarinnar flóttafólk í eigin landi. Þúsundir brugðust við. Húsaskjól fannst og hvers kyns aðstoð var í boði. Við stóðum saman og fyrir það má þakka. Síðan höfum við reist varnargarða, lagt vegi yfir nýrunnið hraun og lagað vatnsleiðslur. Við stöndum öll í þakkarskuld við fjölda fólks, einvalalið sem hefur unnið dag sem nótt á gosstöðvunum.

En þau hafa samt verið hrikaleg, áföllin. Mannslíf glataðist í bænum og við þurfum að rannsaka til þrautar tildrög þess. Blessuð sé minning Lúðvíks Péturssonar.

Já, kæru Grindvíkingar: Þið hafið þurft að þola miklar þrautir. Þið hafið verið æðrulaus og einbeitt, þrautseig og þolgóð. Því er þó að sjálfsögðu ekki að neita að kvíði og angist hafa einnig grafið um sig, gremja og jafnvel reiði. Eignatjónið í bænum er gífurlegt og þótt stjórnvöld hafi brugðist við verður að viðurkennast að framtíð þessa blómlega bæjar er í algerri óvissu – framtíð fólks og samfélags er í algerri óvissu.

Er kannski komið að leiðarlokum? Munu Grindvíkingar ekki geta snúið til síns heima? Munu börn og ungmenni ekki geta notið sín hér í námi og leik eins og áður fyrr? Munu hin eldri í samfélaginu ekki geta átt hér áhyggjulaust æviköld? Er hamingjan á enda?

Kannski er ekki enn tímabært að spyrja svo afdrifaríkra spurninga eða réttara sagt: Kannski er ekki enn tímabært að veita afdráttarlaus svör við svo afdrifaríkum spurningum. Við gefumst ekki upp en við verðum samt að vera raunsæ. Ég leyfi mér því að ljúka máli mínu á þessum hátíðarfundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar með því að ítreka hlýjar kveðjur mínar og okkar

hjóna – hlýjar kveðjur fyrir hönd allrar þjóðarinnar. Við vitum ekki hvenær eldsumbrotum og jarðhræringum linnir hér í grennd. Við vitum hins vegar með fullri vissu að við verðum að tryggja að Grindvíkingar geti á ný haldið heimili og höndlað hamingjuna, að Grindvíkingar geti áfram látið gott af sér leiða í eigin þágu og þjóðfélagsins alls. Þetta skulum við gera saman, við Íslendingar. Við skulum ekki gefast upp.

*Fundurinn var haldinn í veislusalnum Gjánni í Grindavík.*